



Tími til að tengja

Innsýn í starfsemi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Nýverið var undirritaður samningur um starfsþróun milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (MVS) og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS). Samningurinn er liður í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Í samningnum er lögð áhersla á samstarf í víðu samhengi þar sem m.a. er leitast við að gera skóla- og frístundastarf í borginni sýnilegt á vettvangi Menntavísindasviðs.

Liður í því er að veita innsýn og skapa tækifæri fyrir nemendur MVS til að kynnst og tengjast fjölbreyttum verkefnum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í námi sínu, *utan hefðbundins vettvangsnáms*. Innsýnina geta nemendur öðlast með því að: Heimsækja vettvang og/eða höfuðstöðvar SFS, vera gestir/þátttakendur á viðburðum eða að starfsfólk SFS komi í kennslustundir. Meðal verkefna, viðburða og fræðslutilboða í *Tími til að tengja* eru:

- [Menntastefna Reykjavíkur – „Látum draumana rætast“](#)
- [Starfsemi skóla- og frístundasviðs](#)
- [Upplýsingatækni](#)
 - Menntabúðir, [Búnaðarbankinn](#), [Mixtúra](#), Tæknikistur leikskóla
- [Réttindaskólar og réttindafrístund.](#)
 - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skóla- og frístundastarfi
- [Opinskátt um ofbeldi](#)
- [Jafnréttisskólinn](#)
 - Kynjajafnrétti, staðalmyndir, félagsmótun, líkamsímynd, áhrif klámvæðingar ofl.
- Barnamenning
 - [Skrekkur](#), [Barnamenningarhátíð](#), [Innblástur](#), [Sögur](#)
- Listfræðsla
 - Starfsemi skólahljómsveita, samstarf við listaskóla
- [Mat á skóla- og frístundastarfi](#)
- [Alþjóðasamstarf og styrkir](#)
- [Fjölmening](#)
- [Leiðsagnarnám](#)
- [Útivist og útinám](#)
- [Mál og læsi](#)
- [Forvarnarmál og lýðheilsa](#)
- Stuðningur við börn í skóla- og frístundastarfi
- [Starfsemi ungmennaráða og Reykjavíkurráðs ungmenna](#)

Tengiliður skóla- og frístundasviðs við MVS er [Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra nýsköpunarmiðju menntamála](#). Vinsamlegast sendið fyrirspurnir um tengingar við verkefni og viðburði á frida.b.jonsdottir@reykjavik.is